

## Greinargerð með fjárhagsáætlun 2022

Framlögð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á kr. 4,1 mkr. af reglulegri starfsemi. Undir öðrum liðum er áætluð gjaldfærsla upp á 18,6 mkr. vegna áætlaðra endurbóta á annarri hæð Höfða. Samtals er því gert ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 14,5 mkr. á árinu 2022.

Heildartekjur heimilisins eru áætlaðar 1.298,5 mkr. og aukast um 91,2 mkr. milli ára frá viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2021. Þjónustudaggjöld eru áætluð 1.223,9 mkr. og hækka milli ára um 115,3 mkr. eða um 10,4%.

Þar sem fjárlagafrumvarp 2022 liggur ekki fyrir er nokkur óvissa um breytingu á einingaverði þjónustudaggjalda milli ára. Í áætluninni er gert ráð fyrir að tímabundið framlag til styrktar rekstrargrunni hjúkrunarheimila á árinu 2021 upp á 1 millj.kr. samkvæmt fjárukalögum verði að varanlegri hækkun. Nemur sú hækkun um 2% á ársgrundvelli, auk þess er gert ráð fyrir að þjónustudaggjöld hjúkrunar- og dvalargjalda hækki um 6% sem nemur hækkun laun og vísitölu milli ára. Gert er ráð fyrir að þjónustudaggjöld vegna dagdvalar hækki um 3,5% milli ára.

Varðandi breytingar á gjaldahlið fjárhagsáætlunnar þá er byggt á verðbólguþá í minnisblaði Sambands Íslenskra sveitarfélaga auk þess sem tekið var tillit til breytinga á rekstri heimilisins varðandi áætlun á einstaka gjaldalykla.

Laun og launatengd gjöld nema 1.066,1 mkr. og hækka um 86,7 mkr. eða um 8,86% frá viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2021. Laun og launatengd gjöld eru áætluð út frá launaáætlun Höfða þar sem brotið er niður á hverja deild fyrir sig. Launabreytingar taka mið af kjarasamningsbundnum hækkunum sem búið er að semja um við stéttarfélag starfsmanna Höfða.

Annar rekstrarkostnaður nemur 188,7 mkr. og hækkar um 3,4 mkr. eða um 1,85%. Í fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að ráðist verði í endurbætur á annarri hæð suðurálmú Höfða ásamt íbúðum á tengigangi á fyrstu hæð. Gjaldfærsla vegna þeirra breytingar á árinu 2022 nemur 18,6 mkr.

Gert er ráð fyrir 10 mkr. framlagi til almenns viðhalds á húsnæði Höfða í fjárhagsáætlun 2022.

Fjármagnsliðir nema nettó 14,5 mkr. og standa í stað milli ára.

Samkvæmt sjóðstreymi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri nemi 22,7 mkr. frá því að vera 38,8 mkr. frá rekstri samkvæmt viðauka 1 við fjárhagsáætlun 2021, breytingin nemur 16,1 mkr.

Fjárfestingarhreyfingar nema nettó 105,6 mkr. og er þar um að ræða eignfærslu á fyrirhuguðum endurbótum sem að ofan greinir.

Fjármögnunarhreyfingar nema 18,6 mkr. og er þar um að ræða afborganir af langtímalánum heimilisins.

Gert er ráð fyrir að handbært fé lækki um 101,5 mkr. og að handbært fé í árslok 2022 nemi 78,1 mkr. Lækkun á handbæru fé má rekja til þess að það er notað til að fjármagna endurbætur á framkvæmdatíma. Síðan er gert ráð fyrir að taka langtímalán í tengslum við uppgjör á endurbótunum á árinu 2023 eins og sjá má í 3ja ára fjárhagsáætlun Höfða fyrir árin 2023-2025 sem lögð er fram samhliða fjárhagsáætlun 2022

Akranesi, 18. október 2021

Kjartan Kjartansson  
framkvæmdastjóri